

Fundur stýrihóps fagráðs um starfsþróun kennara 4. desember 2013.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Svanhildur Ólafsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Ársæll Guðmundsson, Gunnar Gíslason og Trausti Þorsteinsson

Verkefni fundarins var að vinna úr efni fundar fagráðs frá 22.11.2013.

Sigurjón setti fund og lýsti skjölum sem send voru stýrihópi með fundarboði, þ.e. fundargerð fagráðs 22.11.2013, drög að skilgreiningu á hugtakinu starfsþróun og frumdrög að starfsáætlun fagráðs. Þá greindi Sigurjón frá því að fyrirhugað væri að halda norræna ráðstefnu á vegum ráðherranefndar Norðurlandanna í ágúst á næsta ári um starfsþróun kennara. Ráðstefnan verður haldin í Reykjavík og hefur menntamálaráðuneytið óskað eftir því að fagráð annist framkvæmd ráðstefnunnar. Fyrirhugað er að ráðstefnan verði í tvo daga og hefur Hilton hótél í Reykjavík verið tekið frá fyrir hana. Gert er ráð fyrir því að ráðstefnan skiptist í fyrirlestra og málstofur annan daginn en hinn verði vinnustofur um ýmis efni ásamt skólaheimsóknum. Stýrihópurinn var sammála um að fagráð um starfsþróun kennara tæki verkefnið að sér en jafnframt yrði leitað samstarfs við kennarasamtök og Reykjavíkurborg.

Skilgreining á hugtakinu starfsþróun.

Fundarmenn voru sammála um að nota mætti fyrirliggjandi drög sem grunn að skilgreiningu. Voru þeir sammála um að velja henni á milli í tölvupósti og bæta inn í og breyta eftir því sem þörf væri talin á fram að næsta fundi stýrihóps.

Starfsáætlun fagráðs.

Fundarmenn fóru yfir drög að starfsáætlun lið fyrir lið og voru sammála um að áriðandi væri að hefjast handa um framkvæmd flestra viðfangsefnanna sem upp voru talin. Samþykkt var að endurgera áætlunina og setja í það form sem lagt var upp með á fundi fagráðs (hvað – hver/ábyrgðaraðili – hvenær – mat) og tók Trausti það að sér að gera atlögu að breyttri uppsetningu.

1. Greining á þörfum fyrir starfsþróun kennara og skóla

Leitað til háskólanna um aðkomu að slíkri greiningu. Trausti geri ramma að áætlun um framkvæmd, ábyrgð og verklok.

2. Ráðstefna um starfsþróun kennara og skilgreining á starfsþróun

Samþykkt var að fagráð leitaði eftir samstarfi við miðstöð skólaþróunar HA um ráðstefnuhald en fyrir lá að msHA hefði þegar auglýst ráðstefnu um starfsþróun þann 5. apríl 2014. Trausta falið að vinna með msHA að mótun dagskrár þar sem komið verði á samræðu um ýmsa þætti starfsþróunar og kynningu á hlutverki fagráðs um starfsþróun.

3. Skilgreining á hlutverki, ábyrgð og skyldum mismunandi aðila á starfsþróun.

Fulltrúi hvers aðila að fagráði tók það að sér að ræða í sínu baklandi þessi atriði. Áhersla verði lögð á að þeir skiluðu af sér fyrir 15. janúar og Trausta falið að fylgja því eftir.

4. Kortlagning sjóðakerfis.

Trausta falið að gera tillögu um hvernig staðið verði að þessari vinnu og kapp lagt á að henni verði lokið fyrir 15. febrúar.

5. Upplýsingaveita um símenntun.

Rætt var um hvort byggja ætti upp einn vef sem innihéldi upplýsingar um símenntun og jafnframt um starf og hlutverk fagráðs. Ákveðið var að vefirnir væru tveir, annar hýsti upplýsingar um hlutverk og gögn fagráðs en hinn væri upplýsingaveita um starfsþróunarefni eða viðfangsefni. Jón Torfi tók að sér að leita til Menntavísindastofnunar HÍ um aðstoð við gerð vefs fagráðs en samþykkt var að leggja

áherslu á við hópinn sem starfaði að gerð upplýsingaveitunnar að hann lyki vinnu sinni og opna mætti veituna á ráðstefnu msHA og fagraðs um starfsþróun þann 5. apríl nk.

6. Vinna að skipulagðri leiðsögn við nýja kennara og stjórnendur skóla.

Fundarmenn voru sammála um að gera þyrfti grein fyrir því sem er í boði og tengist starfsþróun fyrir nýliða í kennslu og stjórnun. Bent var á sameiginlegt framboð náms fyrir leiðsagnarkennara í HÍ og HA. Greina þarf hvað í gangi er hér á landi og hvað er í farvatninu þessu tengt á Norðurlöndunum. Trausta falið að gera tillögu að formun þessa.

7. Styrkja starfendarannsóknir í skólum.

Trausta falið að afla upplýsinga um starfendarannsóknir í skólum hjá þeim sem best til þekkja.

Fleira ekki gert og fundi slitið.